

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 2238/93(*)
frá 26. júlí 1993
um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og aðrar skrár sem þarf að halda**

Leiðrétting

Leiðrétting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93 frá 26. júlí 1993 um fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og aðrar skrár sem þarf að halda (Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. L 200 frá 10. ágúst 1993)

Eftirfarandi kemur í stað C-liðar í II. viðauka á bls. 26:

„C. Upplýsingar sem krafist er við útfyllingu fylgiskjals sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar (III. viðauki)

Skýringar:

Fara skal nákvæmlega eftir fyrirmynd að fylgiskjali í III. viðauka. Þó eru málin á reitunum fyrir upplýsingarnar aðeins ætluð til viðmiðunar.

	Númer reits í fyrirmynd í III. viðauka
Sendandi: fullt nafn og pósthfang, auk póstnúmers	1
Tilvísunarnúmer: tilvísunarnúmer sendingar í skýrslum sendanda (til dæmis númer á vörureikningi)	2
Viðtakandi: fullt nafn og pósthfang, auk póstnúmers	3
Þar til bært yfirvald á afgreiðslustað: nafn og pósthfang þar til bærs yfirvalds sem hefur eftirlit með viðskiptaskjali á afgreiðslustað. Þessa er einungis krafist ef um er að ræða flutning til annars aðildarríkiseða útflutning til þriðja lands	4
Flytjandi: nafn og pósthfang þess einstaklings sem sér um að skipuleggja fyrsta flutning (ef annar en sendandi)	5
Aðrar upplýsingar um flutning:	
a) flutningsmáti (vörubifreið, sendibifreið, tankbifreið, lestarvagn, lestartank- vagn, flugvél),	
b) skráningarnúmer eða, ef um er að ræða skip, nafn (valfrjálst)	
Afgreiðsludagur og, ef aðildarríkið þar sem flutningur hefst mælir fyrir um slíkt, tímasetning afgreiðslu	6

(*) Reglugerð þessi var birt í sérstakri útgáfu EES-viðbætur við Stjtíð. EB, 6. bók, 21. 3. 1994, bls. 545.

	Númer reits í fyrirmynd í III. viðauka
<p>Ef breytt er um flutningsmáta skal flytjandi sem fermir afurðina gefa upplýsingar á bakhlið skjalsins um:</p> <ul style="list-style-type: none"> - afgreiðsludag, - flutningsmáta og skráningarnúmer ökutækis og nafn skips, - föðurnafn/eftirnafn sitt, nafn eða heiti fyrirtækis og pósthfang auk pósthnumers <p>Móttökustaður: raunverulegur móttökustaður ef vörurnar voru ekki afhentar hjá viðtakanda. Vegna vara sem eru fluttar út skal nota eitt af orðunum í 2. mgr. 8. gr.</p>	7
<p>Lýsing afurðarinnar í samræmi við reglugerðir (EBE) nr. 2392/89 og (EBE) nr. 3201/90 og aðrar innlendar reglur sem eiga við, einkum skyldubundnar upplýsingar</p>	8
<p>Pakkningar og vörulýsingar: auðkennisnúmer og númer á ytri og innri pakkningum</p> <p>Framhald lýsingar má setja á sérstakt blað sem er fest við hvert afrit. Hægt er að nota pökkunarskrá í þessum tilgangi</p> <p>Vegna búlkaflutninga:</p> <ul style="list-style-type: none"> - víns, raunverulegur alkóhólstyrkleiki, - afurða sem eru ekki gerjaðar, brotstuðull eða eðlismassi, - afurða í gerjun, heildaralkóhólstyrkleiki, - vína með sykurleifar að hámarki 4 grömm á lítra, til viðbótar við raunverulegan alkóhólstyrkleika, heildaralkóhólstyrkleiki <p>Magn:</p> <ul style="list-style-type: none"> - afurða í búlkum, heildarnettómagn, - pakkaðra afurða, fjöldi og tilgreint rúmmál þeirra fláta sem eru notuð <p>Viðbótarupplýsingar sem afgreiðsluríki mælir fyrir um: ef mælt er fyrir um slíkar upplýsingar skal fara eftir leiðbeiningum hlutaðeigandi aðildarríkis; ef ekki, skal draga línu á ská yfir reitinn</p>	9
<p>Vottorð um upprunalýsingu: sjá 7. gr.</p>	10
	11“